



IS

Kirkjan
á 21. öld



Kirkjan á 21. öld

Ég hef lengi verið að hugsa um fyrstu kristnu mennina. Þeir höfðu engar kirkjur, fjölmiðla, háskóla, menntaða presta eða peninga, en samt fjölgaði þeim stöðugt. Við höfum allt þetta en samt verðum við sífellt færri og færri. Að lokum uppgötvaði ég hvert leyndarmál þeirra var: Fyrstu kristnu mennirnir voru fyrir náð Guðs svo flottir að aðrir vildu eyða tíma með þeim og vera eins og þeir. Styrkur hinna fyrstu kristnu manna var hve þeir voru fallett og flott fólk.

Orðið „flottir“ er mikilvægt hér. Það er eins og með góða kvikmynd: Við horfum á hana, líkar hún vel og við skemmtum okkur. Svöl manneskja er einhver sem við viljum eyða tíma okkar með. Allir vilja vera með slíkri manneskju.

Og þetta er nákvæmlega það sem við þurfum sem kirkja 21. aldar. Við verðum að verða flott fólk með hjálp Guðs. Svo flott að aðrir vilji eyða tíma með okkur og vera eins og við. Þá munu kirkjurnar fyllast á ný.

Kirkjan á 21. öld er kirkja með flottu fólki – fólki sem ekki fæddist þannig, heldur varð svona. Með umbreytingu sinni breyttu þau veikleika sínum í styrk og þetta gerði þau dásamleg.

Átakakrossferill er leið til að sigrast á veikleikum, erfiðleikum og okkar eigin hindrunum til að verða góðar manneskjur. Erfiðleikar og átök eru mikilvæg á þessari vegferð. Jesús segir: „Hver sem vill bjarga lífi sínu, mun týna því, og hver sem týnir lífi sínu mín vegna, hann mun bjarga því“ (Lúk 9:24).

Með því að yfirgefa eigið þægindalíf getum við uppgötvað nýjan heim og breytt hugmyndum okkar um lífið. Þetta er leiðin til fegurra lífs! Með umbreytingu getum við byrjað að lifa óvenjulegu lífi sem gleður aðra. Og eins og Jesús segir, þá getum við lifað lífinu til fulls.

Þetta er það sem Átakakrossferillinn snýst um. Jesús sagði:

„Ég er dyrnar. Sá sem kemur inn um mig, mun frelsast, og hann mun ganga inn og út og finna haga.

Þjófurinn kemur ekki nema til að stela og slátra og eyða. Ég er kominn til þess, að þeir hafi líf, líf í fullri gnægð. Ég er góði hirðirinn. Góði hirðirinn leggur líf sitt í sölurnar fyrir sauðina“ (Jóh 10: 9-11).

Dyrnar eru Átakakrossferillinn. Ef við göngum inn um þær getum við lifað lífinu til fulls.

Séra Jacek WIOSNA Stryczek

Fyrsta viðstaða: Jesús er dæmdur til dauða

Jafnvel þótt við gerum óteljandi góða hluti í lífinu, þá verður alltaf einhver sem vill gera okkur að blórabögglum. Ég veit ekki af hverju, en slæmt fólk kemst í uppnám yfir góðu fólki. Þetta er



nokkuð sem við þurfum að vita. Við verðum að vera viðbúin þessu. Þó að Jesús hafi ekki gert neitt rangt var hann samt dæmdur til dauða.

Saga Lúkasar

Eitt sinn reifst ég við konu mína. Hún hafði keypt frímerki fyrir frímerkjasafnið sitt. Ég sagði eitthvað í fljótferni um það og þá byrjaði það. Í fyrstu notuðum við þessi rök: „Ég hef rétt fyrir mér!“, „Nei, hef rétt fyrir mér!“ Þá náði reiði okkar hámarki, svo við ákváðum að slaka á í stutta stund, hvort um sig og aðskilin.

Við höfum þá reglu að við verðum að reyna að greiða úr öllum misskilningi. Við notum til þess eins mikinn tíma og þörf krefur. Það er erfitt vegna þess að við verðum að sigrast á reiði okkar sem segir: „Hvernig gat hún sagt þetta! Þegar allt kemur til alls, þá hef rétt fyrir mér!“ Svo byrjuðum við að tala saman í annað sinn. Fyrst talaði hún og ég hlustaði. Þá talaði ég meðan hún hlustaði. Og rólega, skref fyrir skref, komumst við að raunverulegri uppsprettu misskilnings okkar. Þessi aðferð hefur fært okkur nær hvert öðru árum saman. Og þar sem við elskum hvort annað erum við reiðubúin að eyða nauðsynlegum tíma til að finna réttu uppsprettuna fyrir misskilningi okkar. Slíkar samræður eru mjög skapandi vegna þess að orsök slíkra átaka er venjulega ekki sú sem við teljum að hún sé. Sérhver slík uppgötvun sem við gerum eftir deilur manna á milli gefa okkur frábært tækifæri til að breyta okkur til gagns fyrir hinn aðilann.

Niðurstaða:

Kristnir menn eru friðelskandi fólk. Þeir ásaka ekki aðra en leita skilnings. Þeir dæma ekki aðra heldur reyna í staðinn að koma til móts við þá.

Jesús, miskunna þú oss.

Önnur viðstaða: Jesús axlar krossinn

Stundum leitum við ómeðvitað eftir huggun og þegar við leggjum okkur verðum við löt. Því miður er grundvöllur alls þessa spurningin um það hvað við erum að gera hér og hvort líf okkar sé skynsamlegt. Því að lífið virðist skynsamlegt þegar við gerum eitthvað þroskandi, en ekki þegar við liggjum í rúminu. Áskoranir gefa gleði. Leti leiðir af sér dugleysi. Jesús var óhræddur við áskoranir. Hann bar kross sinn.

Saga Óskars

Ég uppgötvaði einu sinni ákveðinn lífstíl fyrir mig í gegnum þjónustu. Ég er læknir og hafði skipt um búsetustað nokkrum sinnum, og unnið á ýmsum sjúkrahúsum. Á fyrstu tveimur vikum dvalar minnar á nýjum stað setti ég mig í hvert skipti í samband við sóknarprestinn eða aðstoðarprest og bauð fram aðstoð mína. Ég gaf mér aldrei neitt fyrirfram, ég brást bara við þörfum annarra: Ég þjónaði í messunni, hélt námskeið fyrir verðandi fermingarþega og hjálpaði



til við útteilingu sakramentisins. Eftir nokkurn tíma erlendis sneri ég aftur til Póllands og settist að í litlum bæ. Einnig þar bauð ég fram þjónustu mína og var beðinn um að þjálfa messuþjónana, en í þeim hópi voru ellefu strákar og ein stúlka. Ég séð þau áður að störfum, en þau höfðu mikinn áhuga en minni kunnáttu. Í upphafi var ég ekki mjög áhugasamur um þetta starf – enda hafði ég áður sinnt stærri og mikilvægari verkefnum. En ég ákvað hins vegar að koma til móts við unga fólkið. Og þá sannfærðist ég. Ég spurði: „Af hverju þjónar hver og einn á sinn hátt, stendur öðruvísi eða heldur höndunum öðruvísi?“ Þau svöruðu mér og sögðu: „Hvernig ættum við að vita hvernig á að gera þetta fyrst enginn hefur kennt okkur það?“

Mitt efasemdahjarta fylltist samúð með þeim vegna þess að þau voru eins og sauðir án hirðis (Mt 6:34). Ég helgaði mig algjörlega þessu verkefni. Í hverri viku kenndi ég þeim í margar klukkustundir hvernig og hvað þau áttu að gera, en fyrst og fremst hvers vegna þau áttu að gera þetta svona. Samband okkar styrktist smám saman. Við spiluðum saman fótbolta, fórum í fjallaferðir eða bara snjókast. Það var frábært að sjá hve auðvelt þau áttu með að læra, öðlast nýja færni og þroska. Að lokum þurftu allir að taka fræðilegt og hagnýtt próf. Kröfurnar voru miklar og ánægja þeirra með verðskuldað lof var líka frábær.

Eftir tæknilegu þjálfunina var kominn tími til umræðu um Guð, trúarbrögðin og ýmsar erfiðar aðstæður. Smám saman fóru nemendur mínir að taka að sér ábyrgðarstörf mín. Í dag skipuleggja þau námskeið og viðburði og hjálparstörf í sókninni. Þetta er hópur dásamlegra ungmenna og þau ráða vel við allar aðstæður þó að ég sé ekki viðstaddur. Þeir ráða fólk til starfa, þjálfa og koma öðrum til þroska. Og ég er í nánú sambandi við þau: Ég get treyst á þau þegar ég er að sinna nýjum og krefjandi verkefnum.

Niðurstæða:

Kristnir menn eru menn aðgerða. Það þarf ekki að hvetja þá til starfa. Þetta er þeim eðlilegt: Sá sem biður hefur einnig hvatningu til að þjóna.

Jesús, miskunna þú oss.

Þriðja viðstaða: Jesús hnígur fyrsta sinni undan krossinum

Aðeins þeir sem ekkert gera falla ekki. Við getum lært mikið með því að taka áskorunum og reyna einfaldlega að gera hlutina. Æfingin skapar meistarann – þetta er grundvallarregla alls þroska. Við verðum að reyna. Jesús kleif upp Golgata með þungan krossinn. Enginn hjálpar honum. Þrátt fyrir veikleika sína er hann sterkur.

Sagan Kösju

Ég hafði aldrei haft neinn áhuga á íþróttum og vildi ekki einu sinni vera í góðu formi. Ég hafði alltaf vitað hvernig ég átti að klæða mig til að hylja alla mögulega „galla“ á útlitinu. Maðurinn minn hafði aðra skoðun: Heilbrigði og hreysti hefur alltaf verið honum mjög mikilvæg. Frá því



að við byrjuðum að hittast deildum við um útlit og hreysti. Ég sagði að ég liti alls ekki svo illa út og að ég færi stundum út að ganga eða í ræktina, svo það var óþarfi að vera að tala um þetta. Hann hefði líka getað fundið einhverja sem var miklu verr stödd en ég! En hann gaf sig hins vegar ekki og fyrst benti hann mér á nokkrar staðreyndir og tók síðan upp aðra aðferð sem loksins sannfærði mig: Hann byrjaði að iðka íþróttir með jafnvel enn reglubundnari hætti, skipulagði máltíðir sínar og mældi niðurstöðurnar af þessu og sagði mér svo frá þeim. Á sama tíma hélt hann áfram að segja mér að hann vildi virkilega að konan hans væri grönn, heilbrigð og hraust.

Eftir nokkurn tíma fór ég sjálf að stunda íþróttir. Ég sagði sjálfri mér að fyrst þetta væri svona mikilvægt fyrir hann, þá vildi ég breyta þessu hans vegna. Mig langaði til að eignast heilbriggt barn. Ég vildi að honum fyndist ég aðlaðandi og ég þurfti að lokum takast á við sjálfa mig og sannreyna það sem ég gat gert til að öðlast hreysti.

Umbreyting mín er enn að gerast, og á hverjum degi sé ég afleiðingarnar, sérstaklega í sambandinu við eiginmann minn, en allt sem ég þurfti að gera var að byrja að æfa mig.

Niðurstaða:

Kristnir menn eru nægjusamir. Þeir þjálfá líkama sinn. Þökk sé þessu eru þeir hraustir og geta auðveldlega sinnt vandamálum annarra og hjálpað þeim.

Jesús, miskunna þú oss.

Fjórða viðstaða: Jesús mætir móður sinni

Oftast göngum við framhjá öðru fólki en eigum miklu sjaldnar í samskiptum við þau. Þegar menn eiga raunveruleg samskipti skiptast þeir á mikilvægum upplýsingum sem þeim finnst mikilvæg og snerta þá sjálfa. Þess vegna vilja margir ekki vita um aðra eða tala um eitthvað annað fremur en að axla byrðar annarra. Jesús ber krossinn. María ber Jesú og kross hans í hjarta sínu.

Saga Önju

Þjáningar ástvina okkar verða oft þjáningar okkar. Við önnumst þá og á sama tíma verðum við oft hjálparvana andspænis þeim vanda sem þeir eiga við að stríða. Þar til nýlega skorti mig hugrekki til að takast á við erfiðan heim hinna særðu, svo að ég móðgaði þá ekki, vekti ekki upp erfiðar tilfinningar, eða kallaði fram sársaukafullar endurminningar. Og lífið getur verið afar sárt: Bróðir minn berst fyrir lífi sínu sínu og heilsu á sjúkrahúsi, barnabarn samstarfsmanns míns er dáíð, vinkona mín á í vandræðum með eiginmann sinn, annar vinur á veikan son, einhver mjög nákominn mér hefur misst allt sem hún átti í lífi sínu. Allar þessar aðstæður hafa í raun haft áhrif á mig, en ég hef þó aldrei staðið frammi fyrir viðkomandi. Þar kom að gerði ég mér grein fyrir því hve þessi afstaða mín bar vott um mikla eigingirni og hve margir breyta eins



og ég, sjálfsagt til að vernda tilfinningar annarra. Reyndar forðaðist ég með þessu nýjar og ófyrirsjáanlegar aðstæður sem voru mér óþægilegar.

Hvað hefur slík breytni í för með sér? Með þessu móti búum við í gerviheimi, full af sektarkennd og samúð sem engu breytir. Og fólkið sem á í erfiðleikum þjáist í einsemd, án stuðnings annarra sem sýna þeim engan áhuga, og eru jafnvel svipt nærveru við annað fólk þegar þau þarfnast þeirra mest.

Þegar ég áttaði mig á þessari vonlausu afstöðu minni ákvað ég að breyta henni. Það er ekki alltaf auðvelt. Hins vegar sigrast ég á tilfinningum mínum og hringi í, hitti eða tala við fólk. Ég reyni að hlusta, segja vinsamleg orð, spyrja hvers fólkið þarfnast, sýna hversu mikilvæg og þörf þau eru mér. Er þetta ekki talsvert? Oft mætir mér þakklæti, og stundum kem ég fólki líka gleðilega á óvart. Fólk skynjar að þarna er pláss fyrir þau og opna sig smám saman meira fyrir mér. Aðrir fara að treysta mér betur.

Páll postuli sagði: „Berid hver annars byrðar og uppfyllid þannig lögmál Krists“ (Gal 6:2). Ég vil bera byrðar annarra.

Niðurstæða:

Kristnir menn eru ekki áhugalausir um þjáningar annarra. Þeir hafa hugrekki til að bjóða hjálp þeim sem þjáast.

Jesús, miskunna þú oss.

Fimmta viðstaða: Símon frá Kýrene hjálpar Jesú að bera krossinn

Fólk kvartar. Stundum virðist sem allir eigi við erfiðleika að etja. En hvernig liti heimurinn út ef við hjálpuðumst ekki að? Ef fólk deildi ekki byrðunum með náunganum? Í þetta sinn þarfnast Jesús hjálpar og fær hana.

Nafnlaus höfundur

Ef til vill þekkið þið tilfinninguna þegar fæturnir kikna undan þunga syndanna. Þið eruð yfirbuguð af sektarkennd ... Ég þekki tilfinninguna mjög vel. Það sem ég hef lært nýlega er að það er engin ástæða til að kljást einn við eitthvað sem annar maður gæti aðstoða mann með. Ég veit ekki nákvæmlega hvenær vandamálið hófst, en ég hafði átt í því í um það bil eitt ár. Ég á yndislega eiginkonu, tvö yndisleg börn og vinnu sem mér fannst skemmtileg. En samt fór ég að eiga í erfiðleikum með áfengi. Á eins árs tímabili drakk ég flesta daga. Þá á ég ekki við eitt saklaust glas af víni eða bjór á kvöldin. Ég varð reyndar ekki útúrdrukkinn en ég drakk nóg til þess að finna fyrir þessum sérstaka léttleika í höfðinu og komast í betra skap. Upphaflega leit ég á drykkjuna sem umbun, leið til þess að hressa mig við – eftir erfiðan vinnudag þurfti ég að slaka á ... Ég drakk einn, í felum eða eftir að allir voru sofnaðir ... ég var klókur – konan mín tók ekki eftir neinu athugaverðu. Eftir því sem tíminn leið, þurfti ég meira og meira áfengi. Ég



vaknaði með timburmenn oftast en einu sinni í hverri viku. Ég gerði mér grein fyrir að ég var við það að missa stjórnina. Þegar ég áttaði mig á því að hegðun mín var ekki eðlileg og að ég átti að hætta að áfengið yrði ávanabindandi, ekki aðeins sálfræðilega heldur einnig líkamlega, ákvað ég að hætta að drekka. Til allrar óhamingju gat ég það ekki. Þremur mánuðum eftir að ég tók ákvörðunina um að hætta, sá ég að ég var ennþá í sömu sporum.

Ég áttaði mig líka á að ég gæti ekki ráðið við þetta einn. Einn morguninn skildi ég eftir stutt bréf til konu minnar þar sem ég útskýrði að ég héldi að ég ætti við vandamál að etja og bað hana að ræða málið við mig. Þegar ég leysti frá skjóðunni varð hún mjög áhyggjufull – hún reiddist hvorki né ásakaði mig heldur varð hún aðeins sorgmædd. Hún spurði hvernig hún gæti hjálpað mér. Við ákváðum að þegar ég fyndi fyrir freistingunni að drekka ætti ég að segja henni frá því. Allt frá þeim degi, þ.e. í um það bil fjóra mánuði, hef ég aðeins fallið tvisvar ... Vandamálið hvarf nánast um leið. Hvers vegna? Vegna þess að ég sagði frá því. Ég hætti að blekkja sjálfan mig og sannfæra sjálfan mig um að ég gæti tekist á við það einn. Ég bað annan mann um hjálp. Það var ekki auðvelt að viðurkenna veikleikann. Það er það aldrei. Við verðum að sigrast á óttanum við það hvernig hinn aðilinn muni bregðast við, á skömminni og síðan að sýna raunverulega auðmýkt. Þegar við tölum um syndina, þegar við getum nefnt vandamálið á nafn og beðið einhvern sem er traustsins verður um hjálp, verður yfirleitt auðveldara að hætta. Það er þess virði, því að þarna er um nýtt og gott líf að tefla. Ég skildi að allan þann tíma sem ég barðist við þetta vandamál, í næstum heilt ár, umgengust konan mín og börnin öll kvöldin mann sem var drukkinn og frábrugðinn þeim sem ég er í raun ...

Niðurstaða:

Kristnir menn kljást við vandamál og veikleika en þeir hafa líka hugrekki til þess að vinna í sínum málum og styðja hver annan.

Jesús, miskunna þú oss.

Sjötta viðstaða: Veroníka réttir Jesú sveitadúkinn

Mildi, næmi og athygli, allt þetta færir okkur nær öðru fólki. Ekki bara til þess að vinna með þeim heldur til þess að vera með þeim. Vera nán.

Saga Angelíku

Ég beið lengi eftir að ástin birtist. Ég beið aðgerðarlaus. Þetta átti að gerast án þess að ég þyrfti að gera neitt. Ég ímyndaði mér að einn daginn myndi ótrúlegur maður birtast í lífi mínu, vinna hjarta mitt, dá mig og heimurinn yrði skyndilega litríkur eins og regnbogi og ég yrði hamingjusöm. Svo liðu árin og ég beið en ekkert breyttist. Að lokum komst ég að því að það var gagnslaust. Í framhaldinu breytti ég um stefnu. Ég átti góðan, venjulegan vin sem hafði aldrei brugðist mér allan þann tíma sem við höfðum þekkt. Ég gat alltaf treyst á hann og mér lék



forvitni á að vita hvað honum þætti um mig, en fram að því hafði ég aldrei þorað að spyrja hann. Nú ákvað ég að segja honum að hann væri mér mikilvægur og að ég treysti honum. Hvað gerðist? Ekkert fór eins og ég hafði gert ráð fyrir: Þegar ég tók frumkvæðið og tjáði honum hug minn tók það töluvert á. En það kom í ljós að hann var hrifinn af mér og treysti mér einnig. Og á þessu trausti byggðum við ást okkar og farsælt hjónaband. Áræðni mín, það er að ég opinberaði hug minn, gerði það að verkum að ég fékk miklu meira en ég hafði búist við, rétt eins og Veroníka, sem bjóst ekki við að eignast mynd af ásjónu frelsarans á sveitadúknum í skiptum fyrir kærleiksvottinn sem hún sýndi í garð annars manns.

Mig langar til þess að rækta með mér kærleika í garð annarra og fylgja fordæmi heilagrar Veroníku sem gerir mér kleift að sjá hvar og hvernig ég get mætt annarri manneskju, hjálpað henni og sýnt henni að hún standi ekki ein.

Niðurstaða:

Kristnir menn biðja ekki eftir því að einhver elski þá heldur sýna þeir öðrum kærleika.

Jesús, miskunna þú oss.

Sjöunda viðstaða: Jesús hnígur öðru sinni undan krossinum.

Fólk sem nær árangri í öllu sem það tekur sér fyrir hendur verður óhamingjusamt – einmitt vegna þess að það á allt. Það þarf ekki að reyna á sig. Og þeir sem þurfa að vinna í sjálfum sér hljóta umbun. Jesús féll mörgum sinnum. Annað fall hans er táknað og hann biður okkur um að gefast ekki upp.

Saga Marcins

Í dag man ég eftir fyrsta og síðasta þjófnaðinum sem ég framdi og ég var ekki fullkomlega meðvitaður um hann. Það var á sólríkum sumardeg. Vinur minn bað mig um að koma með sér í verslun þar sem seldir voru ódýrir geisladiskar. Ég samþykkti það. Við gengum saman inn og létum sem allt væri eðlilegt. Ég stóð á milli rekkanna og skoðaði vörurnar. Stuttu síðar hraðaði vinur minn sér upp að mér og hvíslaði „Feldu þetta!“ og rétti mér nokkra geisladiska án umbúða. Ég svaraði „Nei!“ Hann svaraði „En athugaðu að minnsta kosti hvort einhver sé að fylgjast með.“ Hann tróð öllum geisladiskunum í buxurnar og við yfirgáfum verslunina. Þegar við vorum komnir út tók ég engan geisladisk, mig langaði ekkert í þá lengur. Ég sat uppi með sterka ógeðstílfínningu um að ég hefði verið hafður að fifli, en ég skammast mín líka fyrir að ég hafði ekki haft hugrekki til þess að mótmæla. Óttinn við að vera hafnað af félögum mínum, fyrir utan hættuna á að vera misskilinn („Þú þykist vera eitthvað betri en við?“) reyndist yfirsterkari.

Í dag horfi ég á EWC-armbandið sem ég hef gengið með hátt í fjögur ár. Á það er ritað: „Lifðu lífinu til fulls“. Fyrir mig er það að sjálfögðu ekki lífsregla sem hvetur mig til þess að gera eitthvað eins og að stela. Það merkir eitthvað algerlega andstætt því, það er: „Vertu ekki



hræddur við að aðrir dæmi þig, þú getur fallið, en þú getur reist þig við og látið gott af þér leiða“. Í dag fer ég með þessa lífsreglu þegar ég stend frammi fyrir álíka ógn og þegar ég var tólf ára. Það eru aðstæður sem koma upp á vinnustaðnum þegar ég er spurður hvernig var í fríinu þegar ég var í raun á kyrrðardögum eða þegar þegar ég segi, þolinmóður, trúlausum vinum mínum frá starfi mínu í kirkjunni eða þegar ég signi mig áður en ég tek til matar míns í matsalnum eða þegar þegar ég skipulegg góðgerðarstarf, jafnvel þó að það leiði til þess að ég hafi ekki tíma til þess að spjalla eða sé álitinn góður með mig. Þegar ég horfi á Jesú og kross hans skil ég að ég get fallið en þetta fall gæti samt orðið til góðs. Hugrekki getur útrýmt ótta og ef við stöndum með sannfæringu okkar verður það yfirsterkara óttanum við dóm og höfnun annarra.

Niðurstæða:

Kristnir menn fylgja eigin reglum og hafa hugrekki til þess að fara eftir þeim.

Jesús, miskunna þú oss.

Áttunda viðstaða: Jesús mætir grátandi Jerúsalemsdætrum

Tilfinninganæmi merkir ekki það sama og að gráta. Tárin sljóvga raunveruleikann. Sá sem grætur er meira að fást við eigin tilfinningar en það sem er að gerast í kringum hann. Menn geta verið nálægt öðru fólki, skynjað tilfinningar annarra, grátið með þeim eða látið það vera að taka þátt í þeim. Jesús var næmur gagnvart öðrum, jafnvel þegar hann þjáðist sem mest sjálfur.

Saga Ólafar

Þegar ég lít á grátandi konurnar, sé ég „grátkór“. Af einhverri ástæðu drögumst við að „hörmungasögum“. Einhver er veikur, einhver hefur lent í slysi og dáðið eða verið drepinn. Þetta vekur sterkar tilfinningar og við kvörtum yfir því hvað lífið getur verið erfitt og finnum fyrir tótleika. Hvernig getum látið eitthvað koma í staðinn fyrir kvartanir og kvíða? Með því að leita að gæsku og umhyggju fyrir öðrum.

Ég og vinir mínir fórum eitt sinn til fjalla um vetur. Í þrjá daga hlustaði ég á flóð af umkvörtunum: Það var ekki nógu mikill snjór og hætt var við sleðaferðina, sundlaugin á hótelinu var lokuð, steiktu egginn ómöguleg, kaffið of bragðdauft og svo framvegis, alveg endalaust. Það er ótrúlegt hversu auðvelt er að kvarta yfir hlutunum! Vinir mínir fóru heim með þá tilfinningu að þeir hefðu sóað tíma sínum og minningarnar voru því slæmar. En ég fór hins vegar í göngutúr í fjöllumunum, þar sem að sjálfsögðu var snjór, og svo hvíldi ég mig í heita pottinum. Í morgunmat borðaði ég allt sem mig langaði, í nema steiktu egginn. Þetta var bara mjög gott frí!

Ég velti því fyrir mér hvað hvað veldur því að allir vilja kvarta. Það hlýtur að vera afar freistandi. Ég hef jafnvel tekið eftir sérstökum umkvörtunar-, „samfélögum“. Og ég uppgötvaði



að það er aðallega undir mér komið hvort minn dagur verði góður, hvað ég muni sjá þegar ég vakna, og hvort ég kunni að meta þá staðreynd að ég hef smástund fyrir kaffi og morgunmat, eða hvort ég kvarti yfir því að nú sé mánudagur eða ég eigi engin föt til að fara í. Ef ég nota þessa einföldu reglu „að leita að gæsku í stað þess að kvarta“, þá líður mér betur. Er það þess virði að kvarta yfirleitt?

Niðurstaða:

Kristnir menn kvarta ekki. Þeir gera það einfaldlega ekki.

Jesús, miskunna þú oss.

Níunda viðstaða: Jesús hnígur þriðja sinni undan krossinum

Er það satt að Guð gefur okkur ekki meira þjáningar en við getum borið? Sennilega ekki. Það eru mennirnir sem deyja bugaðir af byrðum lífsins. Lífið er reynslutími. Og við höldum áfram að reyna að sjá hvort við getum enn haldið áfram með byrðar lífsins á herðum okkar. Margir héldu að þeir gætu ekki borið svona mikið ...

Saga Tomeks

Fyrir um þremur árum síðan fór ég í fjallgöngu með vinum mínum um nótt. Tindurinn sem við ætluðum að klífa var ekki hár. Hins vegar áttaði ég mig á því að geta mín til afreka var ekki heldur upp á marga fiska. Ég varð reiður sjálfum mér fyrir að vera svo illa á mig kominn. Þegar ég var á niðurléið hélt ég að ég myndi gefast upp. Þess vegna ákvað ég að þegar ég kæmi heim myndi ég gera byltingu og taka ábyrgð á eigin lífi, og verða aldrei eins illa staddur og ég var þennan dag.

Ég byrjaði á því að taka til í lífi mínu og kynna mér nýjar aðferðir. Ég sleit öllum neikvæðum samböndum og hætti allri tímasóun vegna þess að þetta kom í veg fyrir að ég næði markmiði mínu. Svo byrjaði ég að lesa um íþróttir og næringu. Eftir eins árs baráttu í ræktinni og sundlauginni léttist ég um meira en 20 kíló og í frítíma mínum tók ég þátt í störfum sjálfboðaliða og öðlaðist nýja færni.

Niðurstaða:

Kristnir menn mögla ekki heldur taka stjórn á lífi sínu.

Jesús, miskunna þú oss.



Tíunda viðstaða: Jesús er sviptur klæðum

Hvað er það sem við felum innra með okkur? Margir líta mjög vel út hið ytra. En oftast er þetta aðeins ytra útlitið. Þegar allt kemur til alls erum við ekki svo frábrugðin hvert öðru. Innst inni eigum við öll við margvíslegan vanda að etja. Við hugsum um alls kyns hluti. Og við verðum að lifa með því. Jesús hefur mörg sár á líkama sínum. Þegar þeir sviptu hann klæðum, fóru sár hans aftur að blæða. Jesús er eitt stórt sár.

Saga Önju

Ég viðurkenni að ég er algjör meðalmanneskja og ég var fullkomlega glötuð, örvilnuð, sinnulaus, spillt og reið. Nákvæmlega. Þegar ég hugsa um hæfileika mína þá er ég meðalmanneskja og oft óstöðug tilfinningalega. Í barnæsku minni hjálpuðu foreldrar mínir mér mikið og skynsamlega í uppvexti mínum vegna þess að þroskaferill minn krafðist þess. Ég vildi ekki samþykkja að ég gæti ekki tekist á við hlutina sjálf, og ég gat ekki sigrast á neikvæðum tilfinningum og brugðist rétt við. Frammi fyrir meðfæddum eiginleikum mínum og persónuleika og væntingum fólksins í kringum mig, fór ég að fyrirlíta sjálfa mig.

Nokkrir atburðir gerðu mér kleift að endurheimta jafnvægið og lifa lífi mínu til fulls. Einn þeirra var

á tímabili þegar ég fann fyrir miklum sársauka, depurð og einmanaleika. Ég var ung. Einn morgun stóð ég í þokunni við bakka árinna Vislu sem streymdi hjá. Þarna var ég alein og ég fann að ég myndi aldrei snúa aftur til míns fyrra lífs og að því myndi ljúka einu skrefi frá þeim stað þar sem ég stóð. Ég stóð þarna og gat ekki grátið. Skyndilega rann eitthvað upp fyrir mér. Ég fékk þá skynsamlegu hugmynd að ekkert myndi gerast þótt fólk sæi alla mína meðalmennsku, óákveðni og óhreinu hugsanir, eins og ég hugsaði um þetta þá. Ég notaði síðustu orku mína til að ganga þaðan í burtu. Seinni viðburðir urðu til þess að mér batnaði að fullu...

Þá, eins og enn í dag, mörgum árum seinna, er ég sannfærð um að það sem bjargaði mér á þeim dögum, var að ég mundi muna hvernig mér líður þegar Guð elskar mig, ekki bara foreldrar mínir, heldur líka Guð. Jafnvel þó að ég gæti ekki samþykkt það, minnti Guð mig sjálfur á þetta og varaði mig við. Frá þessu andartaki á bakka Vislu-árinna, hef ég ræktað innra með mér staðfestingu á því sem ég er í augum hans. Ég tek á móti sannleikanum, ekki aðeins því óæskilega, heldur umfram allt sannleikanum um kærleikann. Og nú veit ég hvernig á að finna gleði og ást og hvernig á að öðlast kærleika annarra.

Niðurstaða:

Kristnir menn sökkva sér í kærleika Guðs, sem lækna sár þeirra.

Jesús, miskunna þú oss.



Ellefta viðstaða: Jesús er krossfestur

Ímyndum okkur að við liggjum eins og trjádrumbur, hreyfingarlaus. Við viljum standa upp og gera eitthvað, en getum það ekki. Hvað er þá hægt að gera? Þá er hægt að íhuga þetta: Við getum hugleitt merkingu lífsins þegar við getum ekki gert neitt. Við allar aðstæður höfum við frjálsum vilja og hjarta. Við getum enn elskað. Jafnvel núna, negldur á krossinn, elskar Jesús okkur jafnvel enn meir ...

Sagan Tomeks

Faðir minn kenndi mér ekki neitt í lífinu. Hann studdi mig ekki. Þvert á móti: Hann vængstýfði mig með því að trúa ekki á mig og með fyrirlitningu sinni. Ég náði engu samband við hann. Tilfinning mín fyrir karlmennsku var ekki mjög sterk. Ég hafði ekki þessa venjulega hæfileika sem karlmenn hafa eða vissu fyrir því að ég væri snjall maður sem gæti tekist á við hið óþekkta. Loks fékk ég nóg af þessu ástandi. Ég stóð frammi fyrir þessu vali: Átti ég að vera gramur að eilífu vegna eigin veikleika og reiðinnar í garð föður míns, eða átti ég að takast á við þessa veikleika í eitt skipti fyrir öll. Ég valdi seinni kostinn.

Þrátt fyrir skort á hæfni, reynslu og þekkingu ákvað ég að endurnýja baðherbergið mitt sjálfur. Ég aflaði mér kunnáttu, reynslu og þekkingar og náði markmiði mínu. Meðan ég vann við þessar endurbætur óx traust mitt á eigin getu og jafnframt því uppgötvaði ég að gremjan og reiðin í garð föður míns minnkaði sífellt í réttu hlutfalli við það. Á sama tíma hafði viðhorf föður míns til mín skyndilega breyst verulega – hann var hissa á því hvað ég var orðinn úrræðagóður. Hann sá dugandi mann í mér og fór að koma fram við mig sem jafningja og auðsýndi mér virðingu.

Niðurstaða:

Kristnir menn kenna ekki öðrum um heldur taka ábyrgð á eigin lífi.

Jesús, miskunna þú oss.

Tólfta viðstaða: Jesús deyr á krossinum

Dauðinn er staðreynd lífsins. Við munum öll deyja. Við erum hrædd við að deyja, þótt við vitum að við munum gera það. Þess vegna er rétt að venjast tilhugsuninni um dauðann. Það er þess virði að gefa upp gamla lífið til að öðlast hið nýja. Jesús dó ekki á krossinum. Með því að deyja reis Jesús upp.

Saga Davíðs

Fyrir sex árum ákváðu foreldrar mínir að skilja eftir þrjátíu ára sambúð?! Fyrir mig, fullorðinn mann, var þetta átakanlegt og erfitt að trúa því. Ég gat ekki sætt mig við það. Ég reifst við föður minn og kenndi honum um þetta og við hættum að lokum að tala saman. Síðan komu deilurnar



við skilnað foreldra minna, gagnkvæmar ásakanir, móðganir um mig, fleiri og fleiri lygar um mig sem ömurlegan son, og að lokum hafnaði faðir minn mér og segði að ég væri ekki sonur hans ... Hvað var eiginlega að gerast?! Höfðum við ekki gengið á Guðs vegum og verið kirkjurækin, kaþólsk fjölskylda?

Fyrir tveimur árum, eftir fyrstu fyrstu krossferilsgönguna sem leiðtogi EWC, fannst mér ég bera ábyrgð á öllu þessu. Ég áttaði mig á að ég þurfti sjálfur að berjast fyrir föður minn. Ég fór að biðja. Ég gekk í trúarsamfélag fyrir karla. Ég barðist við að taka eitt lítið skref, eins og Jesús gerði, og bera krossinn til Golgata. Það var hann sem gerði fortíðina svo lítills virði í mínum huga. Fyrirgefning. Já, til að fyrirgefa föður mínum, þurfti ég að biðja hann að fyrirgefa mér fyrst! Ég kraup á kné fyrir framan hann, grét eins og lítið barn og bað hann um fyrirgefningu. Allt var af mér tekið og mér fannst eins og ég væri að deyja. Líf mitt breyttist. Ég skildi hvert hið raunverulega líf var – að lifa með Jesú. Ég skildi hvað dauði hans á krossinum og sigur hans á dauðanum táknar. Ég hef breyst. Ég áttaði mig á því að ef einhverju á að breyta verðum við að deyja. Í kirkjunni á 21. öld breytumst við aðeins ef okkar gamla „ég“ deyr. Sem leiðtogi EWC hjálpa ég öðrum að finna leiðina til Jesú, til hins nýja sjálfs. Sem leiðtogi trúarhóps fyrir karla, ásamt með öðrum mönnum, vinn ég að því að verða alvöru maður. Og með því vera með Jesú á algjörlega meðvitaðan hátt, er ég að verða nýr eiginmaður, faðir og ... sonur aftur. Jesús, leyfðu mér að bera ábyrgð á annarri manneskju, svo að ég geti sannarlega lifað!
 Davíð, eiginmaður, faðir og sonur!

Niðurstæða:

Kristnir menn deyja til að öðlast nýtt líf.

Jesús, miskunna þú oss.

Þrettánda viðstaða: Jesús er tekinn ofan af krossinum

Hreyfingarlaus líkami, brostnar vonir. Þeir sem elska halda áfram að gera það og halda líkama Jesú í örmum sínum. Hversu mikil getur ástin orðið þegar von fæðist af örvæntingu.

Saga Zosíu

Þegar Sławek var tuttugu ára gamall lést hann af krabbameini eða öllu heldur lungnabólgu. Nú, þegar ég minnst þessa tíma, er það mest sláandi fyrir mig hvað hann var kátur allt til enda og sífellt að hugsa um aðra, en ekki um sjálfan sig. Þegar hann varð veikari og máttfarnari og skynjaði að hann myndi brátt deyja sendi hann eina setningu í textaskilaboðum, þar sem hann tjáði öllum ást sína og áhyggjur vegna fólksins sem hann skildi eftir: „Ekki gráta yfir því að einhverju sé lokið heldur þakkið fyrir að það skulið hafa gerst í lífi ykkar.“ Hann hefði getað verið reiður, dapur eða bitur ... Hann hafði svo mörg áform og drauma sem aldrei rættust. Og samt horfði hann óttalaus fram á veginn og ræktaði samband sitt við annað fólk til æviloka. Ástvinirnir voru mikilvægari fyrir hann en sársauki eða ótti. Þrátt fyrir ungan aldur sinn vissi



Slawek hvernig átti að lifa fallega og þannig dó hann líka. Nokkrum árum seinna varð leiðin sem hann hafði lifað hvati fyrir mig til að breyta lífi mínu.

Niðurstæða:

Kristnir menn geta lifað fallega, jafnvel þegar þeir deyja.

Jesús, miskunna þú oss.

Fjórtánda viðstaða: Líkami Jesú er lagður í gröfina

Gröf Jesú er undarlegur staður. Í Ritningunni segir að Jesús hafi risið upp úr gröfinni og annars staðar segir að Guð hafi vakið hann upp frá dauðum. Og því er spurningin: Reis hann upp sjálfur eða gerði Faðir hans það? Eða kannski þeir báðir á sama tíma? Eins og tvö skaut sama seguls elskar Jesús Föðurinn og dregst að honum og Faðirinn elskar Soninn og vill vera með honum. Og síðan verður UPPRISAN af völdum þessa gagnkvæma aðdráttarafls.

Saga Kötú

Brúðkaupið sjálft var það mikilvægasta fyrir okkur, ekki blómin, bíllinn eða maturinn. Við sáum til þess að hvert smáatriði væri fullkomið. Það var flutt messa í fullri lengd, farin hátíðleg helgiganga með gjafirnar, margar bænir hinna trúuðu voru fluttar, með söngvum og lofgjörð til Guðs eftir altarisgönguna. Og allt þetta höfðu vinir okkar undirbúið fyrir okkur og við hittum þá í kirkjunni. Allir þessir smáu hlutir gerðu það að verkum að okkur fannst við vera eins og heima hjá okkur. Hjörtu okkar þann dag voru full af fegurð, friði og gleði. Það er gott að eiga vini í kirkjunni sem hafa sömu gildi.

Þetta fallega brúðkaup var tilkomið vegna þess að ég ákvað þetta þegar ég gekk í trúarsamfélagið. Ég vildi ekki sitja hljóð úti í horni þar til einhver tæki eftir hæfileikum mínum. Ég vissi hvað ég gat gert og vildi strax deila því, og þess vegna varð ég frá upphafi leiðtogi bænahóps og gekk í kirkjukórinn sem söng í sunnudagsmessunum.

Ég þurfti ekki að bíða lengi eftir því að sjá árangurinn af þátttöku minni. Ekki aðeins fékk ég tíma til að læra og vaxa sjálf, heldur hvatti ég líka aðra til breytinga! Ég beitti þessu hugrekki til að starfa og vinna á öðrum sviðum lífs míns og ég er enn í dag að uppskera fyrir það.

Þar sem ég er virk í þessu samfélagi nýti ég allt sem ég lærði þar í hjónabandi okkar. Í stað þess að biðja safnbæn förum við með hjúskaparbæn og ræðum um mikilvæg atriði í hjónabandinu, og ábyrgðin á fjölskyldu minni kom í staðinn fyrir ábyrgðina á hópstarfinu. Ef ég hefði ekki tekið þátt í þessu samfélagi og stofnun þess hefði ég ekki vitað hvernig ég ætti að skipuleggja allt í einkalífi mínu. Því meira sem ég gaf öðrum, því meira fékk ég fyrir sjálfa mig. Svo einfalt er það.



Niðurstaða:

Kristnir búa og starfa í samfélagi ...

Jesús, miskunna þú oss.

Fimmtánda viðstaða: Kraftaverk

Kristnir menn eru heppnir að lifa með Guði. Þess vegna hafa þeir meiri styrk og visku; kraftaverk eru mögulegt í lífi þeirra. Þeir verða svo svalir að aðrir vilja vera umgangast þá. Í þessari viðstöðu skulum við biðja um að kraftaverk verði í lífi okkar.

Sagan Maríusar

Við giftumst árið 2006 og barneignir voru ekki strax fremst á óskalistanum. Við lifðum fjölbreyttu félagslífi og áttum marga vini. En smám saman urðu börnin í kringum okkur fleiri og fleiri og við vorum oft spurð hvenær við ætluðum að fara að eignast börn.

Það byrjaði nokkuð rólega, fyrst með læknisrannsóknnum og meðferðartillögum, síðan komu fleiri og fleiri próf, ásamt með sterkum hormónalyfjum og síðan var þetta mánaðarlegur rússíbani af væntingum og vonbrigðum.

Þá komu siðferðilega vafasamar lækningaaðferðir, þar með talin glasabarnaaðferðin. Við misstum tvo litla engla. Þessu fylgdi siðferðisbrestur, vinamissir, vonleysi, gremja, reiði og hjálparleysi. Það sem við áttum eftir var trúin og ástin. Það var vegna kærleikans sem hjónaband okkar lifði af. Trúin leiddi til meiri hreinskilni og við fórum að hlusta á fólkið sem Drottinn beindi til okkar. Þá vaknaði von á ný. Í ljós kom að til voru læknað sem gátu meðhöndlað okkur samkvæmt meginreglum kristinnar trúar. Við vorum full af friði og trausti á Jesú. Loksins fengum við að reyna nærveru Guðs í kraftaverki altarissakramentisins. Níu mánuðum síðar, þann 13. maí 2014, fæddist Mateusz, á afmæli birtingar Maríu meyjar frá Fatíma. Og árið 2018 fæddist Łukasz.

Niðurstaða:

Kristnir menn eru menn kraftaverka. Við getum nú beðið um kraftaverk. Biðjið, svo að þið verðið dásamlegt fólk.